



# MENNING ER MANNRÆKT

MENNINGARSTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR  
2009–2012



Reykjavíkurborg



### EFNISYFIRLIT:

Auðlind sem byggt er á til framtíðar .....	4
Börn og menningaruppeldi .....	6
Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar .....	8
Listir .....	10
Samkennd og jafnræði .....	12
Umhverfi og saga .....	14
Alþjóðleg menningarborg .....	16
Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar .....	18

Forsíðumynd: Strange Fruit á Listahátíð í Reykjavík 2009. Ljósmynd Guðfinna Magnúsdóttir.

## LEIÐARLJÓÐ

Reykjavík eflist sem  
höfuðborg menningar í landinu.  
Sjálfsmynd borgarinnar byggir  
á menningararfi, frjórri hugsun  
og frumkvæði. Menningarlífið  
einkennist af fjölbreytni og  
virkri þátttöku íbúa og gesta.



# AUÐLIND SEM BYGGT ER Á TIL FRAMTÍÐAR

## MARKMIÐ

Reykjavík gegni menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og rækti menningarlega sjálfsmynd sína. Menning verði viðurkennd sem mikilvægur hluti efnahags- og atvinnulífs borgarinnar.

## STUTT LÝSING

Í menningu og listum í borginni er fölginn vaxtarbroddur og auðlind sem byggja skal á til framtíðar. Menningarlíf í Reykjavík er sprottið af frumkvæði og sköpunarkrafti íbúa og gesta borgarinnar og drifið áfram af fjölda einstaklinga, samtaka og stofnana af ýmsu tagi sem þar leggja hönd á plóg. Menningarlíf höfuðborgarinnar er fjölskrúðugt og það er lykilatriði að hlúa að fjölbreytileikanum, því hann er kjarninn í menningarlegri sjálfsmynd borgarinnar.

Reykjavík gegnir forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands. Því er mikilvægt að Reykjavík skapi sér sérstöðu sem kraftmikil og skapandi borg sem laðar að sér hæfileikafólk, metur að verðleikum menntun, reynslu og þekkingu í listum og einkennist af lifandi og spennandi umhverfi.

Leggja ber áherslu á beint og óbeint framlag menningar, lista og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins. Sömuleiðis er mikilvægt að rækta samband borgarinnar við landsbyggðina í menningarmálum og stuðla þannig að gróskumiklu og fjölbreyttu menningarlífi í landinu öllu.

Öflugt menningarlíf eykur lífsgæði borgarbúa og stuðlar að samfélagslegri og efnahagslegri velferð.

## LEIÐIR

- Samvinna í menningarmálum við félög listamanna, stofnanir, önnur sveitarfélög og fyrirtæki.
- Borgin greiði götu skapandi atvinnugreina með því að leiða saman listsköpun, atvinnulíf og framleiðslu.
- Rannsóknir á hagrænum áhrifum listastarfsemi.

## VERKLAG

- Borgin leggi rækt við menningarlega sjálfsmynd sína, byggða á drifkrafti einstaklinga og menningarstofnana, gróskumikilli grasrót, sívirkum félagasamtökum og samstarfi þeirra á milli.
- Borgin leitist við að laða til sín hæfileikafólk á sviði lista og skapi rými og aðstæður til þess að auka frjómátt menningarinnar og mannauðinn í borginni.
- Borgin veiti svigrúm fyrir óvænta þróun og kraftmikinn vöxt á sviði menningar og lista.
- Borgin stuðli að frumkvæði með því að örva hvers kyns sköpunarstarf.



# BÖRN OG MENNINGARUPPELDI

## MARKMIÐ

Börn og fjölskyldur þeirra séu virkir þátttakendur í menningarlífinu og framlag barna til menningar metið að verðleikum. Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna á öllum skólastigum.

### STUTT LÝSING

Nútímasamfélag kallar á sveigjanleika og opið hugarfar til að takast á við síbreytilegar aðstæður. Öflugt og markvisst menningar- og listuppeldi er forsenda fyrir þróun samfélags skapandi einstaklinga. Það styrkir meðvitund um menningararf-inn, ýtir undir skapandi og frumlega hugsun.

Samvinna milli menningarstofnana og skóla borgarinnar er mikilsverð leið til að styrkja einstaklinginn til virkrar menningarþátttöku á öllum stigum ævinnar. Það sama má segja um almenna kennslu á sviði menningar og lista í skólakerfinu, sem og listmenntun barna í fagskólum þar sem sérmenntaðir kennarar og starfandi listamenn miðla af þekkingu sinni og reynslu. Listmenntun barna hjálpar þeim að nýta og þróa hæfileika sína á hvaða vettvangi sem er.

Í starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar og skipulagi hátíða á vegum Menningar- og ferðamálasviðs og samstarfsaðila þess er lögð áhersla á samveru fjölskyldunnar og þátttöku barna og unglunga. Mikilvægt er að vera sífellt vakandi fyrir nýjum leiðum til að ná til barna, unglunga og fjölskyldna þeirra í samstarfi við önnur svið borgarinnar.

## LEIÐIR

- Fræðsluhlutverk menningarstofnana og menningarþátttaka barna í samstarfi við önnur svið borgarinnar.
- Áhersla á menningarlæsi<sup>1</sup>, listnautn og listasögu í fræðslustarfi.
- Aðkoma listamanna í listuppeldi barna.
- Markviss miðlun upplýsinga um menningu til barna og unglunga.
- Unglingamenning sýnileg í menningarlandslagi borgarinnar.

## VERKLAG

- Stuðningur fagráða borgarinnar við listhópa, einstaka listamenn og stofnanir á sviði listmiðlunar verði m.a. tengdur listuppeldi barna.

<sup>1</sup> Samkv. Aðalnámskrá grunnskóla má skilgreina menningarlæsi sem hæfni til að njóta menningar og vilja til að vinna úr ýmsum þáttum hennar á skapandi og siðrænan hátt.



# MENNINGARSTOFNANIR REYKJAVÍKURBORGAR

## MARKMIÐ

Menningarstofnanir borgarinnar gegni fjölbættu hlutverki sínu á metnaðarfullan hátt og verði mikilvægur hluti af lífi íbúa jafnt sem gesta borgarinnar.

### STUTT LÝSING

Formlegar menningarstofnanir borgarinnar eru Borgarbókasafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Minjasafn Reykjavíkur, Höfuðborgarstofa, sem einnig sinnir ferðamálum, og auk þeirra ber að nefna Viðey<sup>2</sup>. Stofnanir Menningar- og ferðamálasviðs mynda sterka heild með nánun samstarfi sín á milli og gegna margbættu hlutverki, hver á sínu sviði. Flestar eru þær skilgreindar sem söfn og því bundnar af lögum, reglugerðum, samþykktum og siðareglum. Samkvæmt skilgreiningum ICOM (Alþjóðaráðs safna) er safn „varanleg stofnun, opin almenningi, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni heldur í þágu þjóðfélags og framþróunar og hefur það hlutverk að safna efnislegum heimildum sem snerta manninn og umhverfi hans, standa vörð um þær, rannsaka þær, miðla upplýsingum um þær og hafa þær til sýnis, svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“ Samkvæmt yfirlýsingu Unesco (Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna) um almenningsbókasöfn er almenningsbókasafnið „hlið þekkingar á hverjum stað. Það skapar frumskilyrði til símenntunar, sjálfstæðrar ákvarðanatöku og menningarþroska einstaklinga og þjóðfélagshópa“. Auk starfrækslu safnanna sinnir Menningar- og ferðamálasvið fjölbreyttu hlutverki og þá sérstaklega í tengslum við viðburðaflóru borgarinnar.

Reykjavíkurborg á í nánun samstarfi við fjölmargar aðrar menningarstofnanir í borginni. Þar ber fyrst að nefna Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu, Sjónlistamiðstöðina á Korpúlfsstöðum og Tjarnarbíó, en Reykjavíkurborg er aðal-

<sup>2</sup> Viðey er ekki skilgreind sem menningarstofnun en er í umsjón Menningar- og ferðamálasviðs með sérstökum verkefnastjóra.



styrktaraðili þeirra, en einnig Listahátíð í Reykjavík, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Víkina-Sjóminjasafnið. Fjölmargir samstarfssamningar til skemmri tíma eru einnig í gildi, ásamt því að Reykjavíkurborg greiðir framlag til húsnæðis undir ýmsa menningarstarfsemi.

Menningarstofnanir borgarinnar eiga að vera hluti af daglegu lífi borgarbúa og gesta borgarinnar. Menningarupplifunin er því ekki einangraður atburður, heldur heildarupplifun; félagsskapurinn, ferðin, fræðslan, samræður á eftir, það að upplifa eitthvað sem örvar ímyndunaraflíð og leiðir fólk út fyrir mörk hversdagsleikans.

## LEIÐIR

- Markviss kynning á starfsemi menningarstofnana til borgarbúa og gesta.
- Starfsemi menningarstofnana borgarinnar nái út fyrir veggja þeirra og höfði til allra kynslóða.
- Menningarstofnanir borgarinnar stuðli að varðveislu og miðlun menningararfs.
- Samvinna menningarstofnana við innlendar og erlendar stofnanir, samtök, menntastofnanir og atvinnulíf.

## VERKLAG

- Menningarstofnanir borgarinnar vinni fjölbreytt, markvisst og faglegt starf á sviðum þjónustu, miðlunar, rannsóknar, söfnunar og varðveislu.
- Menningarstofnanir borgarinnar treysti samvinnu og samhæfingu sín á milli.
- Haft verði samráð við borgarbúa með reglulegum könnunum á viðhorfum þeirra og óskum.



## LISTIR

### MARKMIÐ

Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði og hafi tækifæri til að blómstra á eigin forsendum. Sköpuð sé aðstaða og rými fyrir kraftmikið listalíf.

#### STUTT LÝSING

Grundvöllur nýsköpunar og öflugslíflífs er að sem flestir taki þátt í menningarlífinu.

Til þess að listin geti þjónað samfélagshlutverki sínu sem uppspretta nýrra og frumlegra hugmynda, þarf hún frelsi til að þróast á eigin forsendum. Listin á ekki bara að veita ánægju, það er einnig hlutverk hennar að trufla, koma á óvart og benda á það sem við hefðum annars ekki komið auga á, eða viljum jafnvel ekki koma auga á.

Til þess að listalíf borgarinnar geti blómstrað þarf einnig að vera fyrir hendi hentug vinnu- og sýningaraðstaða á viðráðanlegum kjörum fyrir yngri sem eldri listamenn.

Mikilvægt er að styrkveitingar borgarinnar til listalífsins taki mið af því að mörkin milli listforma og ólíkra menningarheima eru í sífelldri endurskoðun. Auk þess að styðja verkefni sem hafa sannað gildi sitt og fundið sinn farveg, þarf borgin að hlúa að grasrót- og tilraunastarfsemi, sem oft er vísirinn að því sem koma skal.

## LEIÐIR

- Fjölbreytt aðstaða til listsköpunar, listflutnings, sýninga og annarrar menningarstarfsemi.
- Samstarf við listamenn, menningarstofnanir og samtök.
- Stuðningur við listamenn á öllum stigum ferils þeirra
- Hlúð jafnt að nýjum listgreinum sem rótgrónum.

## VERKLAG

- Þjónustusamningar og styrkveitingar til listhópa, hátíða, einstakra listamanna og stofnana endurspegli fjölbreytileika menningarlífsins.
- Menningarstofnanir borgarinnar standi fyrir metnaðarfullri listastarfsemi.



## SAMKENND OG JAFNRÆÐI

### MARKMIÐ

Menningarlífið í borginni sé aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni og virðingu. Menningarlífið laði fólk til borgarinnar, hvetji til almennrar þátttöku og stuðli að jákvæðri félagsþróun.

### STUTT LÝSING

Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi sínu eins og kveðið er á um í mannréttindastefnu hennar. Menningarlíf höfuðborgarinnar á að standa öllum opið, þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu og geti tekið þátt í því á eigin forsendum. Menningarstarfsemi á vegum Reykjavíkurborgar á að örva skapandi hugsun og hvetja þannig til virkrar þátttöku.

Menning, listir og saga geta ýtt undir samkennd og jákvæða forvitni um líf og menningu annarra. Áriðandi er að hafa augun opin fyrir tækifærum af þessum toga og nýta þau í þágu samfélags sem byggir á gagnkvæmum skilningi, virðingu og jafnrétti. Eitt af lykilatriðum í þessu sambandi er samvinna, þ.e. að fólk sem tilheyrir mismunandi menningarheimum, listgreinum og kynslóðum fái hvatningu til að koma saman, miðla af reynslu sinni og veita innsýn í líf hvers annars.

## LEIÐIR

- Bætt aðgengi að menningarstofnunum borgarinnar og annarri menningarstarfsemi.
- Tryggt framboð á kynningarefni á erlendum tungumálum.
- Fólk af ólíkum kynslóðum og menningarheimum kynnist og miðli af reynslu sinni og þekkingu.
- Borgarbúar og gestir hvattir til þátttöku í menningarlífinu, óháð líkamlegu og andlegu atgervi.

## VERKLAG

- Mannréttindastefna Reykjavíkur sé höfð í hávegum í allri menningarstarfsemi á vegum borgarinnar.
- Fjölbreytni menningarlífsins sé viðurkennd og studd.



## UMHVERFI OG SAGA

### MARKMIÐ

Í borgarmyndinni sé hlúð að sögu og menningarverðmætum og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi. Menning, listir og saga séu mikilvægur þáttur í þróun borgarmyndarinnar.

### STUTT LÝSING

Í Reykjavík eru menning, listir og saga lykilatriði fyrir þróun lifandi borgarmyndar og bætt búsetuskilyrði. Vitund um sögu borgarinnar getur dýpkað skilning okkar allra á umhverfinu, hvaðan við komum og hver við erum. Borgin telur það skyldu sína að vinna að verndun og varðveislu menningararfleifðarinnar<sup>3</sup>.

Í samræmi við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar skal ásýnd og ímynd Reykjavíkur endurspeгла skapandi hugsun íbúa hennar, og mannlíf og umhverfi haft í fyrirrúmi.

Unnið er að því að koma á fót sjóði, sambærilegum við Listskreytingasjóð ríkisins, sem ætlað er að prýða opinberar byggingar og umhverfi þeirra með listaverkum og stuðla þannig að listsköpun í landinu. Einnig stendur til að menningar- og ferðamálaráð móti stefnu um list í almenningsrými í samvinnu við skipulagsráð.

Sömuleiðis þarf að nýta betur möguleika almenningsgarða og opinna svæða borgarinnar sem ýta undir og hvetja til samveru fólks og efla félagsleg tengsl. Samgöngumál leika einnig stórt hlutverk í öflugum menningarlífi borga, ekki síst til að auðvelda aðgengi íbúa mismunandi hverfa borgarinnar að fjölbreyttu menningarframboði. Öll hverfi borgarinnar hafa sérstöðu gagnvart aðstöðu og möguleikum til menningariðkunar, útivistar og tómstunda. Borgarbúar munu njóta góðs af því að dregni séu fram möguleikar og kostir einstakra hverfa.

<sup>3</sup> Skv. aðild Íslands að samningi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (UNESCO, 1972).

## LEIÐIR

- Verndun menningarminja í borginni.
- Markviss kynning á sögu borgarinnar með menningarmerkingum og öðru fræðslustarfi.
- Aðstaða fyrir menningarstarf á opnum svæðum, torgum og í almenningsgörðum.
- Aðkoma listamanna að mótun mannvirkja á vegum borgarinnar .
- Áhersla á miðborgina sem menningarsögulegt hjarta Reykjavíkur.
- Áhersla á menningarlega sérstöðu einstakra hverfa borgarinnar.

## VERKLAG

- Umhverfisstefna Reykjavíkur sé höfð í hávegum í allri menningarstarfsemi á vegum borgarinnar.



# ALÞJÓÐLEG MENNINGARBORG

## MARKMIÐ

Menningar- og ferðamálasvið standi vörð um að í borginni verði mót ólíkra stefna og strauma. Menningarlífið einkennist af alþjóðlegum borgarbrag og menningarlegri sérstöðu.

### STUTT LÝSING

Reykjavík varðveitir elstu minjar um búsetu í landinu en býr jafnframt yfir einstökum tækifærum til að vaxa og þróast. Borgin er ung, kraftmikil og fjölbreytt og hefur eftirsóknarverða sérstöðu. Sérstaða og sjálfsmynd borgarinnar eru grunnþættir í mynd Reykjavíkur sem alþjóðlegrar menningarborgar. Borgin hefur þegar skapað sér stöðu sem áhugaverð tónlistarborg og aðrar listgreinar eru í stöðugri sókn.

Menningar- og ferðamálasvið vinnur að kynningu á íslenskri menningu erlendis í gegnum ýmis sérverkefni, svo sem menningarhátíðir, styrki og samstarfssamninga, í samvinnu við innlenda og erlenda aðila. Einnig er lögð áhersla á menningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi, í samræmi við ferðamálastefnu borgarinnar, en kynning á menningarlífinu á sér stað í gegnum þjónustu Höfuðborgarstofu við ferðamenn og markaðssetningu á Reykjavíkurborg.

Mikil aukning hefur orðið á hátíðarhaldi í menningar- og listalífinu en það veitir ný tækifæri til alþjóðlegrar samvinnu, auk þess að laða að erlenda gesti. Þátttaka erlendra listamanna á þessum hátíðum er jafnframt mikil lyftistöng fyrir listalífið í borginni.



## LEIÐIR

- Kynning á Reykjavík, menningarlífi borgarinnar og listamönnum í samstarfi við menningarstofnanir, samtök, fyrirtæki og einstaklinga heima og erlendis.
- Samstarf stofnana á Menningar- og ferðamálasviði við að kynna og markaðssetja Reykjavík sem menningarborg.
- Samvinna erlendra og íslenskra listamanna.
- Markvisst samstarf við erlenda aðila í menningarmálum.
- Aukin áhersla á alþjóðlegar menningarhátíðir í Reykjavík.

## VERKLAG

- Við úthlutun styrkja og gerð þjónustusamninga sé hugað að möguleikum til að efla fjölbjóðleg tengsl.



# ÞÁTTUR MENNINGAR Í STJÓRNKERFI REYKJAVÍKUR- BORGAR

## MARKMIÐ

Vægi menningar í stjórnkerfi borgarinnar sé ótvírætt. Skipulag menningarmála sé skýrt og stjórnun þeirra markviss.

### STUTT LÝSING

Menning og listir eru í eðli sínu lifandi og kvik fyrirbæri og mikilvægt er að skipulagning menningarlífsins endurspegli það.

Menningar- og ferðamálasvið er hluti af heild. Menningarstefna þarf því að taka mið af fjölmörgum þáttum, svo sem annarri stefnumörkun í borginni, á vegum ríkisins og á alþjóðlegum vettvangi. Mikilvægt er að standa vörð um mikilvægi menningarlífsins á öllum sviðum borgarinnar. Því þarf að líta til menningarstefnu við aðra stefnumótun á vegum borgarinnar.

Skilvirk stjórnsýsla og meðferð fjármuna í þjónustu borgaranna er í hávegum höfð. Við framkvæmd menningarmála sé hugað að lögum, reglugerðum, stefnumörkun og samþykktum. Verklagsreglur fyrir sviðið eru sniðnar á þessum grundvelli og með þarfir fjölbreytilegs menningarlífs í huga.

## LEIÐIR

- Samvinna fagsviða Reykjavíkurborgar að menningarverkefnum.
- Markvisst samstarf og samráð borgar og ríkis í menningarmálum.
- Aukið samstarf við aðrar menningarstofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og samtök í menningarmálum.

## VERKLAG

- Staðinn verði vörður um vægi menningarlífsins í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
- Skýr verka- og ábyrgðarskipting sé á sviði menningarmála í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
- Stefnumótun í menningarmálum á vegum borgarinnar sé í höndum menningar- og ferðamálaráðs.
- Starfsemi Menningar- og ferðamálasviðs einkennist af gagnsæju skipulagi og verklagsreglum.
- Menningar- og ferðamálasvið setji sér skýr markmið og raunhæfar áætlanir sem tryggja góða nýtingu fjármuna og reglulegt eftirlit.

fo  
RM